

daglegt líf

Sortulyng kúrir í kúlunni

Effir Jóhönnu Ingvarsdóttur
join@mbl.is

Kærleikskúla ársins 2007 kemur nú út í fimmta sinn, en það hafa verið fremstu listamenn þjóðarinnar sem lagt hafa Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra lið sitt með list sinni. Á þessu sinni hannar listmálarinn Eggert Pétursson listmuninn, sem kallast „Hringur“.

Um verk sitt segir Eggert: „Eftir vetur kemur vor, síðan sumar, haust og aftur vetur. Af gróðrinum lesum við framrás tímans. Sortulyngið ber blóm að vori. Blómið verður að beri sem þroskast yfir sumartímann og um haustið er berid orðið skærrautt. Lyngið dvelur undir snjónum og birtist aftur vorgrænt og blómgast á ný. Fræin skjóta rótum. Lífskeðjan er óslittinn hringur.“

Auðgar líf fatlaðra barna

Eva Pengilsdóttir, starfsmaður hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, er hugmyndasmiðurinn að baki Kærleikskúlunnar, sem hlotið hefur góðar viðtökur landsmanna. Tilgangurinn með sölu Kærleikskúlunnar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna með því að efla m.a. starfsemi sumar- og helgardvalarstaðarins Reykjadal í Mosfellsdal, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur rekið frá árinu 1963. „Þarna fer fram frábært starf og þarna viljum við gera sem flestum fötludum ungmönnum mögulegt að njóta ævintýra tilverunnar í hópi með jafnöldum,“ segir Eva.

Verðug fyrirmynd á hverju ári

Kærleikskúla ársins 2007 verður kynnt í dag, samtímis á Íslandi og í Berlín í Þýskalandi þar sem þær verða einnig til sölu. Kúlurnar eru allar blásnar í Þýskalandi og verða kynntar í móttöku í Felleshúsi í dag, sameiginlegu húsi norrænu sendiráðanna í Berlín.

Sú hefur hefur skapast að afhenda fyrstu Kærleikskúlu hvers árs verðugum fyrirmyndum og fer sú afhending fram í Hafnarhúsinu í hádeginu í dag. Á þessu sinni er hin verðuga fyrirmynd ung kona sem berst fyrir réttlæti og samfélagi fyrir alla,“ að sögn Evu, en handhafar Kærleikskúlunnar hingað til eru forseti Íslands árið 2003, Freyja Haraldsdóttir árið 2004, Bjarki Birgisson, Tómas Birgir Magnússon og Guðbrandur Einarsson, sem gengu hringinn í kringum landið undir kjörorðinu „Haltur leiðir blindan“, árið 2005 og Ný-ung-hópurinn, sem



Listamaðurinn Eggert Pétursson valdi sortulyng fyrir kúlurnar en þær eru blásnar í Þýskalandi með aðferð sem byggist á 400 ára glerblásturshefð.

hefur með hugkvæmni og krafti barist fyrir breyttum viðhorfum í samfélaginu.

Fyrsta Kærleikskúlan kom út árið 2003 og reid þá Erró á vaðið með verkinu „2 málara“. Ári síðar kom „Auga“ Ólafar Elíassonar fram á sjónarsviðið. Árið 2005 hannaði Rúrí Kærleikskúlu sem hún kallaði „Án upphafs – án endis“ og í fyrri var verk Gabriélur Friðriksdóttur „Salt jarðar“ í öndvegi.

Listasafn Reykjavíkur, Kokka, Villeroy og Boch, Home Art, Valróa á Akureyri og Norska húsið í Stykkishólmi hafa tekið að sér að selja Kærleikskúluna án þóknunar. Kúlan verður aðeins seld í fimmtán daga, frá 5.-19. desember.



Hvað ætlar þú að lesa í dag?

- Ráðherra til varnar kristindómnum
- Ísland í slöku meðallagi í Pisa-könnun
- Sextán milljarða ofsköttun á bíleigendur
- Eðlilegt líf alnæmissmitraðra
- Suðurlandsvegur í útboð næsta haust
- Hvar eru ódýrustu tölvuleikirnir?



- kemur þér við

VÍSNAHORNID

Af fjöllum og flórsykri

Hólmfríður Bjartmarsdóttir, Fía á Sandi, yrkir:

Óhreinir skafar og auðir rindar okkurgul túnin og hvergi sól en flórsykurstráðir fjallatindar. Nú finnst mér að mættu koma jól.

Sigmundur Benediktsson bætir við:

Fía lyftir málsins myndum, mótar þær af næmri spekt og flórsykur á fjallatindum finnst mér alveg dásamlegt.

Hörður Björgvinsson yrkir:

Ég muna skal ætíð, ef að er spurt, og um það vill kveða bögur: mér þótti vera að mestu þurt milli 2 og 4.

Pétur Stefánsson yrkir einnig lipurt:

Undir himinhvolfi bláu hefur skeð um alla tíð; Blossa upp af efni smáu illar deilur, jafnvel stríð.

Magnús Ólafsson á Sveinsstöðum var á vinnustaðasamkomu á Akureyri sl. laugardag. Þar var upplýst að ein af konum vinnustaðarinnar væri að hætta, þar sem hún hefði ráðist til starfa í forsætisráðuneytinu. Hann orti:

Ýmsu héra leggið líð líklega flestum meir. Sætustu stelpuna sendið þið suður handa Geir.

pebl@mbl.is

Fréttir á SMS
mbl.is

ÞRIFIN VERÐA LEIKUR EINN

20% afsláttur



ULTRAMAX MOPPUSETT
Blaut- og þurrmoppur fyrir allar gerðir gólfá. Fatan vindur fyrir þig. Hrein snilli!

vileda
PROFESSIONAL

MOPPUSETT FLASH M/SPREYBRÚSA
Þú þarft enga fötu, fyllir bara brúsann með vatni og hreinsiefni. Ótrúlega einfalt!



ATTRACTIVE RYKKÚSTUR
Aþurrkunarkústur sem afrágnar. Langir þræðir sem ná í afskekktustu afkima og skilja ekkert eftir! Ótrúlega sniðugt!



BESTA

- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekkestíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000